

Sp.

375. Þingsályktun

um Eiðaskóla.

(Afgreidd frá Sp. 8. des.).

Sameinað Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta gera áætlun um kostnað við neðantaldar umbætur á Eiðaskóla:

1. Byggingu rafmagnsstöðvar, er nægi til ljósa, suðu og hitunar, þar með talin hitun vatns í sundlaug.
2. Byggingu hæfilega stórrar sundlaugar og leikfimiþúss.

Rannsókn á því, hvernig þessum umbótum verði haganlegast fyrir komið og ákvörðun um stærð sundlaugar og leikfimiþúss verði gerð í samráði við skólustjórnann á Eiðum.